

## Viðauki við lýsingu SEL I hs.

Viðauki þessi varðar lýsingu SEL I hs., kt. 660424-9970, Borgartúni 19, 105 Reykjavík (hér eftir „SEL I“, „útgefandi“ eða „sjóðurinn“) og samanstendur af samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu dagsettum 1. nóvember 2024 og viðauka dagettum 5. nóvember 2024. Lýsingin er gefin út í tengslum við töku skuldabréfaflokksins SEL1 27 12 til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland.

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 („Lýsingarreglugerðin“).

Lýsing útgefanda skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í lýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Eftir birtingu viðaukans myndar viðaukinn órjúfanlegan hluta lýsingarinnar. Viðaukinn hefur verið staðfestur af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, sem lögbundins stjórnvalds í skilningi Lýsingarreglugerðarinnar.

Staðfesting Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á viðauka þessum felur eingöngu í sér staðfestingu þess, að viðaukinn uppfylli þær kröfur að hann sé fullnægjandi, skiljanlegur og samkvæmur því sem kveðið er á um í Lýsingarreglugerðinni. Því ber ekki að líta á staðfestingu stjórnvaldsins sem stuðning við útgefandann eða staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðaukinn varðar. Fjárfestar skulu sjálfir meta hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum.

### **Tilgangur viðaukans er að skýra út hvernig uppgjör vegna viðskipta með skuldabréfin á eftirmaarkaði fari fram**

Eftirfarandi skal felld inn í verðbréfalýsingu útgefanda dags. 1. nóvember og koma fram eftir fyrstu málsgrein í kafla 1.2.11 Gjaldmiðlaáhætta:

„Komi til viðskipta með skuldabréfin á eftirmaarkaði og slíkt viðskipti eiga að fara fram í USD þá þarf greiðsla á milli aðila að fara fram utan kerfis Nasdaq verðbréfamiðstöðvar og framsal bréfanna í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar að vera án greiðslu. Ekki er því um staðlað uppgjör að ræða. Vilji aðilar eiga viðskipti með skuldabréfin á eftirmaarkaði og láta uppgjör fara fram í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar þá þarf slíkt uppgjör að eiga sér stað í ISK miðað við gengi ISK gagnvart USD á viðkomandi degi.“

### **Yfirlýsing ábyrgðaraðila viðauka**

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Stefnis hf. lýsa því yfir fyrir hönd SEL I, sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í viðaukanum í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr viðaukanum sem gæti haft áhrif á áreiðanleika hans.

*Viðauki – SEL I hs.*

Reykjavík, 6. nóvember 2024

Fyrir hönd Stefnis hf.

---

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður

---

Jón Finnbogason, framkvæmdastjóri

## Undirritunarsíða

F.h. Stefnis hf.  
Jón Finnbogason

F.h. Stefnis hf.  
Sigrún Ragna Ólafsdóttir